



## ERINDISBRÉF

### Starfshópur velferðarsviðs um viðræður um hjúkrunar- og búsetuúrræði með samþættri þjónustu fyrir heimilislaut fólk með hjúkrunarþarfir.

**Ábyrgð:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs.

#### Markmið og hlutverk:

Að undirbúa samning fyrir hönd velferðarsvið Reykjavíkurborgar við Sjúkratryggingar Íslands um rekstur sérhæfðs hjúkrunarheimilis fyrir heimilislaut fólk með hjúkrunarþarfir, samhliða miklum og sértækum stuðningsþörfum. Um er að ræða samning um 12 rými sem gerður verði til reynslu til tveggja ára.

#### Helstu verkefni:

Undirbúningur fyrir samningafundi varðandi fjárhagslegar- og tölulegar upplýsingar og stefnur velferðarsviðs varðandi málaflokkinn. Sitja samningafundi velferðarsviðs og Sjúkratrygginga Íslands. Gera minnisblað um framgang viðræðna og kynna fyrir sviðsstjóra og velferðarráði.

#### Hópin skipa:

- Berglind Magnúsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu öldrunarmála sem jafnframt er hópstjóri
- Sigprúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða
- Hrafnhildur Ólöf Óladóttir, deildarstjóri, vettvangs- og ráðgjafarteymi
- Jórunn Frímannsdóttir, forstöðumaður Droplaugarstaða
- Halla Hallgrímsdóttir, fjármálasérfræðingur skrifstofa velferðarsviðs

#### Vinnutilhögun:

Hópstjóri boðar til fyrsta fundar og tryggir að fundargerðir séu færðar í gopro.

#### Starfstími:

Frá mars 2021

Reykjavík, 25. mars 2021

---

Regína Ásvaldsdóttir,  
sviðsstjóri velferðarsviðs